



Veiðifélag Eystri-Rangár
Móeiðarhvoli 2
861 Hvolsvöllur

Reykjavík, 29. janúar 2021
UST202012-028/H.R.A.
08.12.02

Efni: Afturköllun áminningar

Umhverfisstofnun vísar í ákvörðun sína dags. 8. janúar sl. þar sem stofnunin veitti rekstraraðila áminningu skv. sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, vegna fráviks er fram kom í eftirliti stofnunarinnar í fiskeldisstöð Veiðifélags Eystri-Rangár, Eyjarlandi þann 22. september sl.

Frávikið er eftirfarandi:

1. **6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.** Rekstraraðili starfrækir rekstur í stöðinni án starfsleyfis en hjá Umhverfisstofnun er fyrirbyggjandi ófullnægjandi umsókn um starfsleyfi. Umhverfisstofnun sendi rekstraraðila upplýsingar, með tölvupósti þann 20. október sl., þar sem leiðbeint var um þau gögn sem uppá vantar til að hægt sé að telja umsókn rekstraraðila um starfsleyfi fullnægjandi en engin frekari gögn hafa borist stofnuninni frá rekstraraðila.

Umhverfisstofnun hafði borist tímasett áætlun um úrbætur vegna framangreinds fráviks þegar ákvörðun um að veita áminningu var tekin og á stofnunin eftir að taka afstöðu til áætlunar rekstraraðila um úrbætur. Umhverfisstofnun afturkallar því hér með ákvörðun sína um að veita Veiðifélagi Eystri-Rangár, Eyjarlandi áminningu sbr. 25. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Umhverfisstofnun mun taka afstöðu til aðsendrar úrbótaáætlunar rekstraraðila áður en gripið verður til frekari þvingunarúrræða í eftirfylgni með eftirliti stofnunarinnar. Ef til slíkrar aðgerða yrði gripið mun stofnunin áður veita rekstraraðila tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Helgu Rut Arnarsdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á helga.arnarsdottir@ust.is. Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.

Virðingarfyllt

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Helga Rut Arnarsdóttir
lögfræðingur